

Ár 2010, miðvikudaginn 14. júlí, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí) haldið af Sigurði I. Halldórssyni dómara í dómstól ÍSí að Suðurlandsbraut 8, Reykjavík.

Fyrir er tekið: Mál nr. 4/2010.

Lyfjaráð ÍSí

gegn

\*\*\*\*\*

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

## DÓMUR

### I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSí, dagsettri og mótttekinni af skrifstofu ÍSí 3. júní 2010.

Kærð er \*\*\*\*\*, skráður félagi í Skautafélagi Akureyrar.

#### **Kröfur kæranda:**

Þess er krafist að með dómi Dómstóls ÍSí verði kærða, frá uppkvaðningu dómsins, dæmd til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSí, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Ennfremur er þess krafist að kærða verði svipt rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSí, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í 6 mánuði, frá dómsniðurstöðu.

Af hálfu kærðu er fallist á kröfur kæranda.

Sigurður I. Halldórsson dómari í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands fékk mál þetta til afgreiðslu sama dag og kærán barst skrifstofu ÍSí. Með bréfi dags. 4. júní sl. sem sent var kærðu og móður hennar var kærðu gefinn kostur á að skila greinargerð eða að tilkynna dómstólnum ef kærða ætlaði ekki að skila greinargerð, sem ráða mátti af fyrirbyggjandi

gögnum. Svar barst frá kærðu þann 7. júní sl., ásamt staðfestingu frá móður hennar þar sem fram kom að kærða myndi ekki skila greinargerð í málinu.

Við þingfestingu málsins þann 11. júní sl. voru lögð fram eftirtalin skjöl:

- Nr. 1. Kæra dagsett 3. júní 2010.
- Nr. 2. Afrit af skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ til Lyfjaráðs ÍSÍ varðandi málið, dags. 14.05.2010.
- Nr. 3. Afrit af lyfjaeftirlitseyðublaði nr. 0002166, varðandi umrætt lyfjaeftirlit.
- Nr. 4. Afrit af niðurstöðum úr greiningu á A-sýni, frá Huddinge Universitetssjúkhus.
- Nr. 5. Afrit úr iðkendalista Felix fyrir árið 2009-2010.
- Nr. 6. Afrit af yfirlýsingum kærðu um móttöku niðurstöðu úr greiningu á A-sýni.
- Nr. 7. Listi WADA yfir bönnuð efni og aðferðir, sem í gildi var innan ÍSÍ þann 11. apríl 2010.
- Nr. 8. Bréf Dómstóls ÍSÍ til kærðu og móður hennar dags. 4. júní 2010.
- Nr. 9. Bréf kærðu til Lyfjaráðs ÍSÍ dags. 7. júní 2010.
- Nr. 10. Bréf móður kærðu, til Lyfjaráðs ÍSÍ dags. 7. júní 2010.

## II.

Í kæru er málavöxtum lýst þannig að kærða sé félagsmaður í Skautafélagi Akureyrar, sbr. meðfylgjandi afriti úr Felix. Þann 11. apríl 2010 var kærða boðuð í lyfjaeftirlit eftir leik í íshokki í Egilshöll. Gekkst kærða undir lyfjaeftirlitið og lét í té þvagsýni (A- og B-sýni), sem sent var til greiningar á Huddinge Universitetssjúkhus í Svíþjóð.

Niðurstöður greiningar á A-sýni bárust Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ þann 29. apríl sl. og sýndu niðurstöðurnar að í sýninu var að finna THC og Tetrahydrocannabinol acid, sem er á lista WADA yfir bönnuð efni og aðferðir (bannlista WADA). Styrkur THC í þvagsýninu var 458 ng/ml. Kærðu var gerð grein fyrir niðurstöðum úr greiningu á A-sýni með símtali þann 3. maí sl. og hún boðuð í skýrslutöku þann 5. maí. Vegna ungs aldurs var forráðamaður hennar, (móðir) einnig látin vita og boðið að vera viðstödd skýrslutökuna. Kærðu var boðið að láta greina B-sýnið til staðfestingar niðurstöður A-sýnis.

Kærða óskaði ekki eftir því að B-sýni sitt yrði greint. Að öðru leyti vísast til meðfylgjandi skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti.

### III.

Kærandi vísar kröfum sínum til stuðnings til þess að samkvæmt gr. 4.1.1. í lögum ÍSÍ um lyfjamál gildir bannlisti WADA innan ÍSÍ og á m.a. við alla skráða félagsmenn í félögum innan sambandsaðila ÍSÍ, sbr. gr. 1.2.1. Samkvæmt gr. 2 í lögum ÍSÍ um lyfjamál er lyfjamisnotkun bönnuð og telst brot m.a. framið ef efni sem bannað er að nota samkvæmt bannlista WADA, niðurbrotsefni bannaðs efnis eða önnur efni sem gefa til kynna tilvist bannaðs efnis, finnast í sýni sem íþróttamaður gefur við lyfjaeftirlit (gr. 2.1). Með vísan til lýsingar á málavöxtum og framlagðra sönnunargagna er það mat Lyfjaráðs ÍSÍ að kærða hafi með háttsemi sinni gerst sek um lyfjamisnotkun.

Samkvæmt gr. 10.4 í lögum ÍSÍ um lyfjamál skal refsing fyrir fyrsta brot vera að lámarki áminning og ekkert óhlutgengi á síðari mótum og að hámarki tveggja ára óhlutgengi til þátttöku í æfingum, keppni og sýningum innan íþróttahreyfingarinnar. Auk óhlutgengis til þátttöku í keppni og sýningum er heimilt að svipta hinn brotlega rétti til að gegna trúnaðarstörfum innan íþróttahreyfingarinnar um lengri eða skemmri tíma. Samkvæmt gr. 10.4 er heimilt að beita vægari refsingum ef brot varða nokkur efni, sem sérstaklega eru tilgreind á bannlista WADA og veruleg hætta þykir vera á að íþróttamenn misnoti án ásetnings, en kannabisefni eru á meðal þeirra efna. Beiting þessa ákvæðis er háð því skilyrði að íþróttamaðurinn geti sýnt fram á að það hafi ekki verið ásetningur hans að nota efnið til að bæta árangur sinn í íþróttum. Sé það skilyrði uppfyllt skal refsing fyrir fyrsta brot er varðar eitthvert þessara sérstaklega tilgreindu efna, s.s. THC, vera að lágmarki áminning og að hámarki tveggja ára óhlutgengi.

Í skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti kemur fram að kærða hafi gengist við því að hafa reykt kannabisefni og að það tengdist félagskap utan íþróttarinnar. Kærða kom fram af hreinskilni við skýrslutöku og skýrði frá málavöxtum.

Með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram koma í skýrslu Lyfjaeftirlitsnefndar ÍSÍ um málavexti og eindregins samstarfsvilja kærðu og aðstandenda hennar við að upplýsa málsatvik auk þess að forsvarsmenn félags hennar hafa skýrt frá ætlun sinni í að aðstoða leikmanninn í að takast á við þær aðstöðu sem hún er kominn í krefst Lyfjaráð ÍSÍ þess að kærða verði ekki dæmd til óhlutgengis í þátttöku á æfingum á refsitímanum og að refsing kærðu hefjist við dómsuppkvaðningu jafnvel þótt íþrótt sú er hún stundar sé ekki virk yfir sumarmánuðina. Enda telur Lyfjaráð ÍSÍ að neysla kærðu á

kannabisefnum sé ekki til þess fallin að bæta árangur hennar í íþróttum og tengist fremur öðrum þáttum lífs hennar og þar getur íþróttin vonandi gengt forvarnargildi við frekari notkun.

#### IV.

Að framan er rakið að kærða gerði ekki athugasemdir við kröfur kæranda. Ekki er umdeilt að kærða gerðist með háttsemi sinni sek um lyfjamisnotkun og braut þar með gegn ákvæðum laga ÍSÍ um lyfjamál.

Það er í verkahring dómsins að ákveða refsingu í málum sem höfðuð eru fyrir dómstólnum. Dómkröfur kæranda eru því ekki bindandi fyrir dóminn en rétt er að horfa til þeirra við ákvörðun refsingar.

Það er mat dómsins að skýrt hafi komið fram að kærða sýndi af sér hreinskilni við skýrslutöku, hún var samvinnufús í alla staði og gaf við skýrslutöku hjá Lyfjaeftirlitsnefnd ÍSÍ skýringar á hegðan sinni og viðurkenndi að hafa reykt kannabisefni og að það tengdist félagskap utan íþróttarinnar. Þá hefur komið fram í gögnum málsins að forsvarsmenn íshokkídeildar Skautafélags Akureyrar hafa lýst yfir stuðningi við kærðu sem er ung að aldri.

Með vísan til framanritaðs er fallist á kröfur kæranda þess efnis að kærða verði, frá uppkvaðningu dómsins, dæmd til 6 mánaða óhlotgengis til þátttöku í keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Þá er kærða svipt rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í 6 mánuði, allt frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Sigurður I. Halldórsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. Skrifstofa ÍSÍ mun annast birtingu hans fyrir kærðu.

#### DÓMSORÐ

Kærða, \*\*\*\*\*, er dæmd til 6 mánaða óhlotgengis til þátttöku í keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan þeirra. Þá er kærða svipt rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í 6 mánuði, allt frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Sigurður I. Halldórsson